

Ársskýrsla Drafnarhúss 2021

Á árinu 2021 nýttu 38 einstaklingar sér þjónustuna í Drafnarhúsi og meðalbiðtími eftir að komast að voru rúmir sex mánuðir, sem er heldur styttri biðtími en síðustu ár. Af þeim 38 bjuggu 14 einstaklingar einir og 23 bjuggu með maka eða 60%. Meðalaldur var 80 ár (59-92 ára), svipað og síðustu ár og kynjahlutfallið var 25 konur á móti 13 körlum, en árið áður var kynjahlutfallið jafnt.

Það voru 16 einstaklingar sem innrituðust og 12 sem útskrifuðust og er það heldur meiri hreyfing en árið á undan, en þá innrituðust aðeins sjö einstaklingar. Fyrstu sex mánuði ársins innrituðust 15 einstaklingar og sá sextándi innritaðist í október. Af þeim 12 einstaklingum sem útskrifuðust fóru sex beint á hjúkrunarheimili, en sex fóru á Landspítalann í biðpláss vegna versnandi heilabilunarsjúkdóms. Það er erfitt fyrir skjólstæðinga að þurfa að fara í biðpláss á LSH í staðinn fyrir að komast beint inn á hjúkrunarheimili úr dagdvöl. Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými voru rúmlega fimm mánuðir og sá sem beið lengst eftir hjúkrunarrými beið í tæplega 13 mánuði, en sá sem beið styst beið í tvo mánuði.

Meðaldvalartími þeirra sem útskrifuðust úr Drafnarhúsi voru rúmlega 30 mánuðir, sá sem að dvaldi lengst í húsinu var í sex ár og sá sem var styst var í 11 mánuði. Það voru 12 einstaklingar sem fengu færni- og heilsumat á árinu og í lok árs voru níu með gilt Færni- og heilsumat. Sjá nánar tölulegar upplýsingar milli ára hér aftast.

Starfsemin

Heimsfaraldurinn setti svip á starfseminu þetta árið eins og árið á undan. Sérhæfðar dagþjálfanir fyrir einstaklinga með heilabilun eru með undanþágu á fjöldatakmörkunum og var góð mæting hjá okkur allt árið. Okkur tókst með góðum sóttvörnum og breyttu vinnuskipulagi að verjast smiti, enginn skjólstæðingur eða starfsmaður fékk covid-19 á árinu. Allir starfsmenn og skjólstæðingar voru þrífólusettir, flestir skjólstæðingar fengu bólusetningar í Drafnarhúsi. Starfsfólk og aðstandendur stóðu sig mjög vel í þessum erfiðu aðstæðum.

Á meðan verstu bylgjur heimsfaraldursins gengu yfir fengum við færri sjálfbóðaliða og skemmtikrafta í húsið og fórum lítið út úr húsi á lista og menningarviðburði. En þegar hlé kom á heimsfaraldri nýttum við okkur frelsið og náðum að sækja ýmsa tónleika, fórum á söfn og upplifðum margt fleira skemmtilegt sem var í boði.

Þjálfunin miðar að því að viðhalda líkamlegri, vitrænni og félagslegri færni skjólstæðinga og tekið er mið af ástandi hvers og eins hverju sinni. Boðið er upp á mat á heilsufari, þjálfun, virkni, aðstoð við athafnir daglegs lífs, félagslegan stuðning, fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda. Aðstoð við athafnir daglegs lífs miðast við að viðhalda getu og virkni skjólstæðings eins vel og kostur er með hans eigin þátttöku.

Einstaklingar geta sótt þjónustuna alla virka daga eða tiltekna daga í viku hverri. Boðið er upp á flutning milli heimilis og dagþjálfunar við upphaf og lok dvalar dag hvern. Starfsdagar eru þriðja hvern miðvikudag í mánuði eftir hádegisdag. Þá gefst starfsfólki tími til að skipuleggja starfseminu og fara yfir ýms mál sem greiða þarf úr.

Stuðningur við fjölskyldu

Stuðningur, fræðsla og ráðgjöf til aðstandenda er stór þáttur í starfseminni. Fjölskyldufundir með forstöðumanni og lækni hússins eru haldnir með aðstandendum þegar þörf er á og er það vettvangur

fyrir miðlun upplýsinga varðandi skjólstæðinga. Aðstandendur ráða alltaf ferðinni þegar kemur að því að sækja um varanlega vistun á hjúkrunarheimili og tímabundna innlögn á hjúkrunarheimili, og er þeim veittur stuðningur og aðstoð við umsóknarferlið. Engir fræðslufundir fyrir aðstandendur voru haldnir á árinu.

Starfsmenn

Á haustmánuðum var gerð breytinga á skertri vinnuviku, þ.e. þeir sem eru í 100% starfi skila af sér 36 stunda vinnuviku í stað 38 eins og var áður. Í lok árs 2021 störfuðu níu starfsmenn í Drafnarhúsi í 6,9 stöðugildum. Starfsstéttir eru hjúkrunarfræðingur sem er forstöðumaður, sjúkraliðar, félagsfræðingur, tannfræðingur, þroskaþjálfari og ófaglærðir starfsmenn.

Starfsmenn hússins eru samheldinn og metnaðarfullur hópur og markmiðið er að viðhalda sjálfstæði einstaklinga eins lengi og kostur er með því að styrkja líkamlega og vitsmunalega hæfni þeirra og stuðla þannig að lengri búsetu heima.

Húsnæðið

Húsnæðið að Strandgötu 75 í Hafnarfirði, sem er um 400 fermetrar, hentar sérlega vel undir starfsemi eins og dagþjálfun. Lögð er áhersala á að umhverfið sé heimilislegt og hlýlegt. Gerðar voru ýmsar endurbætur á húsnæðinu á síðasta ári, parketið sem var orðið illa farið var þúsáð og lakkað að nýju og þurfti að hafa lokað í tvo daga á meðan framkvæmdir stóðu yfir. Einnig voru gerðar endurbætur og lagfæringar á rafmagni og pípulögnum, rými voru máluð sem ekki höfðu verið máluð síðan húsið var opnað árið 2006. Hafnarfjarðarbær útvegar húsnæðið undir starfseminu.

Aðkeypt þjónusta og sjálfboðaliðar

Læknisþjónusta kemur frá Landspítala háskólasjúkrahúsi, Jón Eyjólfur Jónsson öldrunarlæknir kemur hálfmánaðarlega í hús. Akstursþjónusta Þórunnar Tómasdóttur hefur séð um aksturinn frá upphafi. Bílstjóri hjá Hreyfli sér um að aka nokkrum Garðbæingum í hús. Matur kemur frá Matborðinu og Sólar ræstingþjónusta sér um þriffin. Það voru ekki margir sjálfboðaliðar eða skemmtikraftar sem komu til okkar á árinu vegna heimsóknarbanns.

Lokaorð

Starfsemin í Drafnarhúsi hefur gengið vel þetta árið þrátt fyrir heimsfaraldur og hafa skjólstæðingar og aðstandendur verið sáttir við þjónustuna. Mikil gleði ríkir í daglegu starfi hússins og stefnt er að því að halda áfram á sömu braut.

Hafnarfjarðarbær leggur til húsnæðið en Alzheimer samtökin sjá um reksturinn.

Hafnarfjörður 16. mars 2022

Erla Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur
forstöðumaður Drafnarhúss

Tölulegar upplýsingar milli ára

	2021	2020	2019	2018	2017	2016
Fjöldi skjólstæðinga	38	34	51	44	40	48
Innskriftir	16	7	24	18	13	23
Útskriftir	12	11	24	17	14	21
Meðalbiðtími eftir innskrift	6,6 mán	8,5 mán	6,5 mán	9 mán	12 mán	13,4mán
Meðaldvalartími útskrifaðra	30,4 mán	18,5 mán	18 mán	23 mán	21 mán	14,2 mán
Mest	72 mán	47 mán	75,7 mán	63,5mán	107 mán	45,8mán
Minnst	11 mán	2 mán	2 mán	2,5 mán	2,8 mán	1,5 mán
Meðalaldur	80	77	78	80	78	78
aldursbil	59-92	59-91	58-90	60-93	55-93	55-92
Konur	25	17	28	25	24	33
Karlar	13	17	23	19	16	15
Búa með maka (börnum)	23/38	22/34 1/34	38/51	32/48	23/40 4/48	30/48 4/48
Búa einir	14/38	11/34	13/51	12/44	13/40	14/48
Heimþjónusta (hjúkrun og eða félagslega þjónustu)	17/38	14/34	26/51	24/44	17/40	18/48
Aðstoð við böðun í D.húsi	10/38	12/34	22/51	24/44	20/40	29/48
Aðstoð við lyfjagjafir í D	14/38	16/34	20/51	24/44	10/40	20/48
Fóru í hvíldarinnlögn	7 í 7 innlögnum	6 í 8 innlögnum	15 í 17 innlögnum	17 í 25 innlögnum	20 í 26 innlögnum	19 í 20 innlögnum
Samtals mán í hvíld.	5 mán	13,8 mán	13,8 mán	19,5 mán	14,4 mán	15,5 mán
Notfæra sér akstursþjónustu	30/38	23/34	36/51	39/44	26/40	32/48
Fengu Færni og heilsumat	12/38	9/34	25/51	18/44	19/40	18/48
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	5,5 mán	4 mán	6 mán	6 mán	4,1 mán	2,1 mán
Mest	7,5 mán	16,9 mán	14 mán	9,6 mán	12 mán	Ekki athugað
Minnst	1,5 mán	2 mán	2 mán	2 mán	1,7 mán	Ekki athugað
Sjúkrahúsinnlagnir	7 innlagnir (4 einstakl.)	7 innlagnir (4 einstakl.)	17 innlagnir (14 einst.)	10 innlagnir (8 einst.)	9 innlagnir (8 einst.)	22 innlagnir (15 einst.)
Útskrift á spítala	6	2	14	8	3	8
Útskrift á hjúkrunarheimili	6	6	7	7	8	9